

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 23. júní 2009


Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni hefur kynnt sér frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum (Þskj. 155 — 118. mál) sem óskað hefur verið umsagnar um. Vill félagið af þessu tilefni taka undir og vísa til meðfylgjandi ályktunar Landssambands eldri borgara (LEB) um málið.

Þó félagið skilji nauðsyn á niðurskurði og sparnaði í ríkisfjármálum á erfiðum tímum viljum við þó sérstaklega taka undir 3. málsgrein ályktunar LEB þar sem bent er á það mikla óréttlæti sem felst í því, að á sama tíma og lagðar eru til auknar skerðingar á tekjum eldri borgara úr almannatryggingakerfinu lítur út fyrir að launþegar á almennum markaði fái launahækkanir, en í fréttum mbl.is í dag segir að „samkomulag hafi náðst milli forsvarsmanna ASÍ og samtaka atvinnulífsins um hækkanir almennra launataxta“. Í þessu sambandi er einnig rétt að benda á að nokkrir lífeyrissjóðir hafa undanfarið skert eftirlaunagreiðslur sínar.

Félagið fagnar hins vegar fyrirhugaðri upptöku frítekjumarks á lífeyrissjóðstekjur, þó lítið sé.

Að öðru leyti visast til ofangreindrar ályktunar LEB.

Virðingarfyllst  
f.h. Félags eldri borgara  
í Reykjavík og nágrenni



Sigurður Einarsson

framkvæmdastjóri

Samrit: Efnahags- og skattanefnd Alþingis



# LANDSSAMBAND ELDRI BORGARA

Langholtiavegur 111, 104 Reykjavík  
Kt.: 600989-4059; Fax: : +3545515835  
Sími: +3546986250; Netfang: leb@leb.is  
Heimasíða: www.leb.is

## Ályktun frá Landssambandi eldri borgara varðandi frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum

Reykjavík 22. júní 2009

Framkvæmdastjórn Landssambands eldri borgara og kjaranefnd sambandsins krefjast þess að kjaraskerðing eldri borgara og öryrkja, sem boðuð er á yfirstandandi ári í frumvarpi ríkisstjórnarinnar um ríkisfjármál, verði umsvifalaust dregin til baka. Hugmyndum um að spara ríkisútgjöld á kostnað eldri borgara og öryrkja sem kynntar voru á svokölluðum samráðsfundum fulltrúa þessara hópa var harðlega mótmælt. Bent var á að eldri borgarar töpuðu um 30 milljörðum af sparifé sínu sem var í formi hlutabréfa þegar bankarnir hrundu og umtalsverðir fjármunir töpuðust einnig í sjóðum sem þeim hafði verið ráðlagt að fjárfesta í af starfsmönnum bankanna.

Þá hefur einnig verið bent á kjaraskerðingu sem orðið hefur hjá eldri borgurum og öryrkjum frá síðustu áramótum, er þeir sem eru með lægstan lífeyri fengu fullar verðlagsbætur, tæplega 20% en aðrir lífeyrisþegar aðeins 9,6% verðlagsuppbót. Frá sama tíma hefur verið litið á verðbætur vegna hárrar verðbólgu sem tekjur hjá þessum hópum sem hefur haft í för með sér umtalsverðar skerðingar á greiðslum frá Tryggingarstofnun og hefur LEB gert kröfu um leiðréttingu í þeim efnunum sem ekki hefur verið hlustað á.

Eldri borgarar mótmæla því, að þeim, ásamt öryrkjum, skuli ætlað að taka á sig launalækkun frá 1. júlí nk. á sama tíma og rætt er um að launþegar á almennum vinnumarkaði haldi óbreyttum launum eða fái jafnvel launahækkun. Boðuð launalækkun hæstlaunuðu ríkisstarfsmanna er ekki sambærileg launalækkun eldri borgara og öryrkja og allt er í óvissu um hvort eða hvenær launalækkun ríkisstarfsmanna kemur til framkvæmda.

Skerðing tekjutryggingar lífeyrisþega lækkar laun aldraðra og hið sama er að segja um lækkun á frítekjumarki vegna atvinnutekna aldraðra. Sú ráðstöfun lækkar einnig laun aldraðra. Fram til þessa hefur ekki verið heimilt að skerða grunnlífeyri aldraðra vegna tekna úr lífeyrissjóði. Grunnlífeyrir hefur aðeins verið skertur þegar um háar tekjur af atvinnu eða fjármagni hefur verið að ræða. Nú hefur verið ákveðið að láta tekjur úr lífeyrissjóði skerða grunnlífeyri. Landssamband eldri borgara mótmælir stefnubreytingu stjórnvalda og telur að afnema eigi með öllu skerðingu tryggingarþóta vegna tekna úr lífeyrissjóði en hér er stefnt í öfuga átt.

Landssambandið mótmælir því að ríkisstjórnin skuli við niðurskurð ríkisútgjalda ráðast fyrst á velferðarkerfið, einkum eldri borgara og öryrkja enda er það algjörlega andstætt þeirrar yfirlýstu stefnu ríkisstjórnarinnar að koma hér á norrænu velferðarkerfi. Niðurskurður almannatrygginga á að koma til framkvæmda þann 1. júlí nk. en þá þegar eiga laun eldri borgara og öryrkja að lækka.

Landssambandið mótmælir harðlega að lífeyrisþegum sé tilkynnt með 10 daga fyrirvara að laun þeirra eigi að lækka. Ríkisstjórnin verður að draga þessa launalækkun til baka.

Fh. Landssambands eldri borgara

Helgi K. Hjálmsón, form.